

## Menntastefna Vestfjarða

Í Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2020-2024 er mikil áhersla lögð á hækkun menntunarstigs Vestfjarða og meðal áherslumála er gerð menntastefnu fyrir Vestfirði. Aukafjárveiting til Sóknaráætlana árið 2022 var kunngerð í janúar 2022 og ákvað stjórn Vestfjarðastofu á fundi 24. febrúar 2022 að eitt af áhersluverkefnum ársins yrði gerð Menntastefnu Vestfjarða.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Háskólasetur Vestfjarða og sveitarfélögin á Vestfjörðum. Samið hefur verið við fyrirtækið Creatrix um vinnu við gerð menntastefnunnar.

### Markmið verkefnis:

Að greina stöðu, strauma og stefnur til að móta sameiginlega framtíðarsýn og aðgerðaáætlun um hvernig megi efla skólastarf á svæðinu frá leikskóla til háskóla

### Lýsing á verkefni:

Samfélagsbreytingar eru að verða á Vestfjörðum vegna bættra samgangna og breytinga í atvinnulífi. Takast þarf á við áskoranir vegna breytinga í samsetningu íbúa, fjögunar íbúa af erlendum uppruna, vegna loftslagsbreytinga og breytinga sem tengjast fjórðu iðnbyltingunni. Skoða þarf strauma og stefnur í samhengi við sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnulífs og mannlífs.

Mikilvægt er því að vinna sameiginlega greiningarvinnu á styrkleikum, veikleikum og áskorunum skólastarfs á Vestfjörðum sem nýta má sem innlegg í mótun tillagna um aðgerðir sem sveitarfélög og skólar geta ráðist í til að efla skólastarf á öllum skólastigum í þágu nemenda og samfélagsins alls.

Verkefnið er samstarfsverkefni Vestfjarðastofu, Menntaskólans á Ísafirði, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og Háskólaseturs Vestfjarða. Unnin verði sameiginleg greiningarvinna, stefna og aðgerðaáætlun. Greiningarvinnan getur jafnframt nýst hverri einingu til frekari úrvinnslu.

### Lokaafurð verkefnisins:

Menntastefna og aðgerðaáætlun í menntamálum. Ávinningur samfélagsins verður stefna sem stuðla skal að öflugri skólaþróun á Vestfjörðum og úrbætur í menntamálum svæðisins með aukinni áherslu á málaflokkinn.

### Tengsl við Sóknaráætlun Vestfjarða:

Megináhersla í málaflokknum „Samfélag“ í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er að „*Hækka menntunarstig með aðgengi að hágæða menntun, auka velferð, bæta lýðheils og efla þannig mannauð og atvinnulíf*“.

Áherslur og markmið í þeim málaflokki lúta að því að hækka menntunarstig á svæðinu, að auka samstarf skóla á öllum stigum og móta sameiginlega menntastefnu. Að auki er rætt um að fjölga tækifærum til menntunar á öllum stigum og auka samstarf ólíkra skólastiga við atvinnulíf og rannsóknarstofnanir og verja of efla skólastar á framhaldsskóla- og háskólastigi.

## Ferli við gerð menntastefnu Vestfjarða

Mars og apríl 2022	Undirbúningur verkefnis
<b>26. apríl 2022</b>	<b>Kick off fundur</b>
Maí – sept 2022	Úrvinnsla fundar Gagnaöflun
	Viðtöl Spurningakannanir Fókushópar Önnur gagnaöflun
September 2022	Stefnumótunarfundur – stór
Október 2022	Drög að menntastefnu sett í umsagnarferli
Nóvember 2022	Menntastefna samþykkt í sveitarstjórnnum og stjórnnum samstarfsaðila Menntastefna Vestfjarða tilbúin
Jan 2023	Framhald vinnu í samræmi við ákvarðanir aðila – gerð aðgerðaáætlunar

### Upphafsfundur – kick-off:

Verkefni upphafsfundar verkefnisins verður að móta verklag við gagnaöflun fyrir gerð menntastefnu og setja tóninn fyrir vinnuna framundan. Æskilegt er að fulltrúar allra skólastiga og sveitarfélaga á Vestfjörðum mæti til þess fundar. Á þessum fundi er ekki gert ráð fyrir að stefnan verði mörkuð heldur er annar stærri fundur fyrirhugaður í haust til þess.

**Dagur:** 26. apríl kl. 14:00 – 17:00

**Staður:** Menntaskólinn á Ísafirði

### Þátttakendur:

- Sveitarfélög á Vestfjörðum
  - Formenn fræðslunefnda
  - Yfirmenn skóla/menntasviða sveitarfélaga
  - Skólastjórar leik- og grunnskóla
  - Skólastjórar tónlistarskóla / listaskóla
- Menntaskólinn á Ísafirði
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Háskólaþing Vestfjarða
- Lýðskólinn á Flateyri
- Aðrir skólar starfandi á svæðinu
- Vestfjarðastofa